



THG ARKITEKTAR

Skipulagsstjóri Garðabæjar
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

21.11.2016

Varðar forkynningu á tillögu að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Fyrir hönd A 16 fasteignafélags ehf, kt 630304-2450 sem er eigandi að hluta af Breiðabólstaðareyri, þá er þeim fyrirætlunum hér með mótmælt að á svæði 1.02-Íþ verði reist hesthúsbyggð. Hesthúsabyggð fylgir lykt og húsin eru oftast ekki beint augnaryndi. Það er er mat landeigandans að það megi nýta svæðið á betri hátt.

Óskað er eftir því að á Breiðabólstaðareyri verði gert ráð fyrir íbúðarbyggð á þessum frábæra útsýnisstað þar sem sést til allra átta, yfir Faxaflóann og allan fjallahringinn frá Snæfellsnesi að Keili. Íbúðarbyggðin verður þá í beinum tengslum við væntanlega smábátahöfn á núverandi uppsátrum. Þarna væri því mögulegt að skapa „Marina“ stemningu þar sem á sama svæðinu væri kaffi-og veitingahús, íbúðir og smábátahöfn með öllu því mannlífi sem slíkum svæðum fylgir.

Virðingarfyllst

Oddur Kr. Finnbjarnarson